



Grunnskólinn í Þorlákshöfn




KYNNIR

FRÍRÍKIÐ
TORPIÐ



atvinnuauðglýsingar

1. ARGANGUR, TÖLUBLAÐ NR. 1 | APRIL 2013



Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn mun vikan 29. apríl til 3. maí verða með óhefðbundnu sniði þar sem við munum breyta innviðum skólans í samfélag sem heitir Þorpið. Í Þorpinu kennir ýmissa grasa og er hægt að fá margskonar þjónustu, eins og á snyrtistofunni Kósí, garðyrkjustöðinni Burknanum, barkaríinu, saumastofunni, í allskonar verslunum sem og kaffihúsinu í skýjunum. Þar verður líka glæsilegt framboð afþreyingar eins og leikhús, listagallerý og tónlistarviðburðir. Í þessu blaði eru auglýstar lausar stöður í fyrirtækjum Þorpsins, en gerð er krafa á að umsækjendur séu nemendur úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Þeir munu byggja upp þetta samfélag, taka þátt í vöruþróun, framleiðslu og sölu afurða sem til verða. Fyrir þá vinnu fá starfsmenn greitt í gjaldmiðli Þorpsins sem hannaður verður af bankastarfmönnum bæjarins. Útborgunardagur verður föstudaginn 3. maí.

Opinn dagur Þorpsins

Föstudaginn 3. maí opnum við samfélagið fyrir öllum þeim sem vilja koma og bjóðum foreldra og aðra aðstandendur sérstaklega velkomna. Kl. 11.00-13.00 opna starfsmenn bæjarins verslanirnar sínar og listamenn verða með viðburði og afurðir sínar til sýnis. Þá geta gestir Þorpsins farið í bankaútibúið og skipt íslenskum krónum í gjalldmiðil samfélagsins og keypt afurðir, séð sýningar og fengið sér kræsingar á kaffihúsinu. Þá geta starfsmenn bæjarins einnig gengið á milli og notað launin sín í það sem hugurinn gírnist. Allur ágóði verkefnisins rennur í þemadagasjóð sem nýttur verður á næsta ári.

Vinnan göfgar manninn

Starfsmenn Þorpsins þurfa að mæta stundvíslega kl. 8.00 á sína vinnustöð og vinna til kl.13.00. Sinni þeir ekki sínu starfi verða þeir sendir á vinnumálastofnun, en þar mun bæjarstjórinn, Halldór Sigurðsson, taka á móti þeim og veita viðunandi úrræði sem getur verið launaskerðing og/eða starfsendurhæfing.

Þetta verkefni er byggt á danskri fyrirmynd en Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri hefur nú í tvö ár í röð byggt upp samfélagið Barnabæ og er fyrirmynd okkar að Þorpinu.

Við viljum sérstaklega hvetja þá foreldra sem hafa tök á því að taka þátt í þessu verkefni að setja sig í samband við okkur á themadagar@gmail.com, það yrði okkur sönn ánægja að hafa ykkur með.



Fiskgallerýið Klöpp

Atvinna í boði

Fiskgallerýið Klöpp óskar eftir hörkuduglegum og hressum starfskröftum til að vinna krefjandi starf við fiskvinnslu. Æskilegt er að hafa brennandi áhuga á skipum, fiskveiðum, vinnslu og sölu afurða. Farið verður í gegnum ferlið, hvað verður um fiskinn frá því að hann er veiddur, unnin til útflutnings, og sölu í verslunum. Góður starfsandi er á vinnustað og góð laun í boði. Stundvísi er mikilvægur eiginleiki.

Áhugasamir merki umsóknina : „Klöpp“

Snyrtistofan Kósí



Erum að leita að duglegum krökkum úr 5. – 10. bekk til að starfa við snyrtingu. Snyrtistofan Kósí býður upp á námskeið í umhirðu húðar, kennslu á notkun eigin snyrtivara, naglalökkun, handa-og fótanuddi, almenn þrif, hárhirðingu, næringu og almennri hreyfingu, því öll viljum við líta vel út .

Æskilegt er að krakkarnir hafi mikinn áhuga á þessum hlutum og taki vel á móti gestum og gangandi.

MEÐ BROS Á VÖR OG SÓL Í HJARTA.

Merkið umsóknina: Snyrtistofan Kósí.

Er hestamennska eitthvað fyrir þig?

Óskum eftir hressum og duglegum dýravinum til starfa í hestamennsku. Í starfinu felst almenn umhirða hesta og reiðtygja auk þess sem við munum læra það helsta sem góður hestamaður þarf að vita. Einnig fáum við jafnvel að kynnast öðrum dýrum sem í hesthúsunum búa.

Hæfniskröfur:

- Mikill áhugi á hestum/dýrum
- Lipurð í samskiptum
- Jákvæðni
- Stundvísi
- Vinnusemi



Umsóknir skulu merktar: Hestamennska



Hafnarskart

Við erum að leita að hugmyndaríku og skapandi fólki sem hefur áhuga á að starfa við skartgripagerð.

Vinnan felst í því að búa til hálsmen, armbönd, nælur og fleira skart sem selt verður á markaðstorginu okkar.

Umsóknir skulu merktar: **Hafnarskart**

Hafnar



Pústur

Ert þú



Rétta manneskjan
í starfið

Hefur þú áhuga á að tjá þig meira en venjulegt fólk? Hefur þú frá einhverju skemmtilegu að segja?

Komdu í vinnu til okkar hjá Hafnarpósti og breiddu út fagnaðarerindið.

Okkur vantar ritstjóra, blaðamenn, ljósmyndara og myndvinnslufólk.

Hæfniskröfur: Umsækjandi þarf að vera skapandi og hugmyndaríkur og hafa áhuga á starfi í fjölmiðlageiranum. Geta tjáð sig á góðri íslensku og unnið vel með öðrum.

Steinaverkstæðið Latur óskar eftir starfsfólki.

Athugið við erum alls ekki að leita eftir lötu fólk heldur hugmyndaríku og skemmtilegum einstaklingum á öllum aldri til þessa að búa til listmuni úr steinum.



Hér má sjá steininn Lat sem vísaði sjómönnum veginn á árum áður hér við Þorlákshöfn



Merkið umsóknina Steinaverkstæðið Latur

Listagallerí



Erum að leita að áhugasömum myndlistarkrökkum til að vinna myndir sem sýndar verða og seldar í listagalleríinu.

Umsóknir skulu merktar: *Listagallerí*

Kaffihúsið

Í skýjunum



Ertu að leita að skemmtilegri vinnu?

Við óskum eftir jákvæðum og dugmiklum krökkum í vinnu á kaffihúsinu okkar. Við leggjum okkur fram um að veita góða þjónustu, gott kaffi og góðan munnbita með kaffinu.

Starfið felst í að skipuleggja og reka kaffihúsið og það sem því fylgir eins og að baka, laga kaffi, leggja á borð, útbúa kaffiseðil, auglýsingar og ýmislegt annað skemmtilegt!

Hamingjan er hér hjá okkur!

Merktu umsóknina: *Kaffihúsið Í skýjunum*



Kortagerð

Endurvinnsla og endurnýting

Við auglýsum eftir áhugasömum krökkum til kortagerðar. Sköpunargleði og hugmyndaflug fær að njóta sín í þessu starfi. Unnin verða gjafakort af ýmsum gerðum úr ýmsum efniviði ásamt því að pappír verður endurunninn. Það má því gera ráð fyrir smávægilegu sulli svo skófatnaður er æskilegur búnaður.

Dreymir þig um að verða leikari?

Þá er þetta kannski eitthvað fyrir þig.

Leikhúsið auglýsir eftir 12 áhugasömum krökkum úr 1.-10. bekk til að setja upp spennandi leiksýningu.

Jákvæðni, gleði og ævintýraþrá er skilyrði!

Skráðu þig í dag!

BAKARÍ



Nýja bakaríið óskar eftir starfsfólki sem hefur yndi af að baka. Umsækjendur þurfa að vera hreinlátir, stundvísir, nákvæmir og smekklegir. Ekki skemmir fyrir að vera hress og skemmtilegur. Við ætlum að baka alls kyns brauð og kökur sem bæjarbúar geta alls ekki staðist.

Umsókn berist merkt kruðerí.



Trésmiðjan Kaktus



Óskar eftir hressum, hugmyndaríkum og vinnusömum krökkum á öllum aldri til vinnu.

Verkefni trésmiðjunnar verða að búa til leikföng og skrautmuni fyrir heimilið.


Áhugasamir merki umsóknina: Trésmiðjan Kaktus.



Langar þig að verða glermeistari?

Glervinnustofan Glerfín

leitast að áhugasömum og skapandi einstaklingum



Leitum eftir jákvæðum og vinnusömum einstaklingum sem eru tilbúnir að gera allskyns tilraunir með gler.

Reynsla ekki nauðsynleg :)

Garðyrkjustöðin Burkni

Starfsfólk óskast

Leitum að áhugasömu starfsfólki til almennra garðyrkjustarfa á Garðyrkjustöðinni Burknanum. Unnið er frá 30. apríl til 3. maí, fyrir hádegi alla daga.

Góð laun í boði fyrir rétta aðila.

Allar afurðir verða seldar á síðasta vinnudegi.

Garðyrkjustjórar

Málmverk ehf.

málmsmíðaverkstæði

Töfrar málmsmíðinnar


Málmsmíðaverkstæðið Málmverk ehf. óskar eftir áhugasömu starfsfólki á ýmsum aldri úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn til vinnu og framleiðslu á allskonar glingri og góðum hlutum.

Starfsmenn geta þarna fengið tækifæri til að kynna töfrum málmsmíðinnar á sinn einfaldasta hátt í góðra vina hópi.

Umsækjendur þurfa að hafa léttu lund, samstarfsvilja og hjálpssemi að leiðarljósi.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Málmsmíðafélags Suðurlands (sjá heimasíðu).

Áhugasamir, skemmtilegir og vandvirkir eru beðnir um að skila inn umsóknunum merktum „Málmverk“.



Hönnuður hjá Saumastofunni Skotið

Laus eru til umsóknar 10 störf hönnuða hjá Saumastofunni Skotið. Æskilegt að umsækjendur geti hafið störf á þemadögum.

Helstuverkefni og ábyrgð:

- Hanna og sauma eyrnabönd
- Hanna og sauma hütur
- Hanna og sauma eyrnaskjól á hjálma.

Hæfnikröfur:

- Hugmyndaríkni
- Skapandi
- Áhugasamur
- Vinnusamur

Laun eru samkvæmt samningi atvinnumálastjóra.

Nánari upplýsingar gefa eigendur saumastofunnar Halldóra og Bogga.



Flóamarkaðurinn

Notað á ný



auglýsir eftir starfsfólki.

Verksvið:

Að safna, þrifa, raða upp, verðleggja og selja notuð föt, skó, leikföng og aðra hluti.

Hæfniskröfur:

Kurteisi og falleg framkoma. Mikilvægt að umsækjendur eigi gott með samskipti við annað fólk og treysti sér til að fara út í bæ og safna á markaðinn.

Umsóknir skuli merktar „Notað á ný“.



Götuleikhús

krakkar **krakkar** krakkar

Nokkra áhugasama og hugmyndaríka krakka vantar til þess stofna götuleikhús með það að markmiði að semja og setja upp leikverk sem sýnt verður föstudaginn 3. maí.

Umsóknir skulu merktar: **Götuleikhús**



HLJOMSVEITIN ÞORPARARNIR

Dreymir þig um að vera í hljómsveit?

Ef að þú hefur brennandi áhuga á að búa til tónlist í góðum hópi viljum við fá þig í hljómsveitina okkar!

Við munum búa til nýja tónlist, taka hana upp og flytja svo á tónleikum.

Engin krafa gerð á hljóðfærakunnáttu heldur einungis áhuga

Umsóknin merkist: **HLJOMSVEITIN ÞORPARARNIR**

BANKASTARFSMENN ÓSKAST

Starfslýsing: Koma þarf á laggirnar hagkerfi samfélagsins, hanna og framleiða gjaldmiðil og borga laun starfsmanna

Hæfnikröfur: Umsækjendur þurfa að vera í 6. – 10. bekk, hafa gaman að því að reikna og vinna í hóp.



Umsókn merkist: **Banki**

VINNUSKÚR GRÚSKARANNA

Í vinnuskúrnum er grúskað í hjólum og vélum. En sérstök áhersla verður lögð á viðgerðir hjóla og þér markmiðið að setja á laggirnar reiðhjólaverstæði þar sem hægt verður að koma með hjól sem grúskararnir munu lappa upp á gegn vægu gjaldi.

Hæfnikröfur: áhugi á að laga það sem er bilað.

Umsókn merkt: **Vinnuskúrgrúskaranna**

Vonanadi ein smiðja enn frá Ágústu Ragnars



Ef að þú ert búin(n) að fara vel yfir allar atvinnuauglýsingarnar og finna það sem þú hefur áhuga á að vinna við þá fyllir þú út reitinn hér fyrir neðan. Þú setur það sem þig langar mest að vinna við nr. 1 og það sem þig langar næstmest að vinna við nr. 2 o.s.fr. Atvinnu umsókninni þinni verður svo svarað við fyrsta tækifæri.

Muna að klippa þennan reit út og koma með í skólann mánudaginn 12. apríl.

Nafn _____ Bekkur _____

Mig langar að sækja um eftirtalin störf:

1 _____

2 _____

3 _____

4 _____

5 _____

Mikilvægt er að klippa út þennan miða og skila til umsjónarkennara
mánudaginn 12. apríl. |